

**Ed.**

## **244. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóðs samkvæmt 3. gr. laganna, tölulíð 1 og 3, hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og taka til framlaga til sjóðsins á árinu 1941.

**G r e i n a r g e r ð .**

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni félagsmálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

Byggingarkostnaður hefur nú stórhækkað, og má gera ráð fyrir, að þess verði langt að bíða, að hann lækki. Byggingar hafa stöðvazt. Það er því meiri þörf aukinna framkvæmda að stríði loknu eða þegar skilyrði eru fyrir hendi til bygginga. Það minnsta, sem hægt er að gera, er að styrkja byggingarsjóðina og auka þau framlög, sem ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóðum ber að leggja fram, sem dýrtíðinni nemur. Kyrrstöðuna í byggingarmálum ber því að nota til þess að auka fjármagn sjóðsins í því augnamiði að bæta úr húsnæðisþörf verkafólks í mun stærri stíl en áður hefur verið unnt að koma í framkvæmd.